

Fundur 3.3.2025 Guðmundur Arason góði biskup.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Já góða kvöldið. Góða kvöldið, velkominn.*

Ég vona að þið skynjið orku mína, er langt síðan ég fór frá ykkar jörð, og ég bið ykkur að hugleiða kærleikann og friðinn.

Og kom ég í staðinn fyrir annan mann, sem ætlaði að tala um læknisfræðileg efni, en get ég aðeins komið inn á hans erindi, þar sem ég þekki hann vel og er hann staddur á sama framlífs hnetti og ég.

Kem ég oft til ykkar í lok fundar og magna sambandið og hef ég um langt skeið unnið í þessum málum og hef ég reynt að senda lækningar orku og mögnunar orku til ykkar, og hefur okkur oft vel tekist.

Gísli heiti hann læknirinn sem með mér vinnur oft, forn Íslendingur og annar sem heitir Magnús, einnig læknismenntaður.

Og höfum við einnig verið í samstarfi við erlenda á öðrum framlífs hnöttum, og höfum við fylgst með ykkar mannkyni og hvernig breytingar verða hjá ykkur, og sumir nefna það að orkan aukist og tíðnin, en má það einnig segja að búið sé að spilla umhverfi ykkar með ýmsum efnum sem eru sjúkdómsvaldandi og sprautum sem ekki voru hollar, nú að undanfögnu.

Og vil ég hvetja ykkur til að njóta hreinnar náttúru og fylgjast með því sem er ekki holt og forðast að neyta þess, til að halda heilsu.

Hef ég harmað það mjög að ekki hefur tekist að lækna Nýalssinna og aðra sem til ykkar hafa leitað að fullu, enda er það svo oft að þar eru önnur áhrif sem til koma, líkamleg og stillifræðileg vegna ákveðinna helstefnu áhrifa og erfða þátta og annars.

En fögnum við öllu sem vel gengur og verð ég að segja að ýmsir erfða gallar komust inn í íslensku þjóðina og aðrar þjóðir, gegnum tíðina og stóð þar Jahve oft á bak við, og hefur ekki tekist að hreinsa það út.

En í framtíðinni þegar læknisfræðinni fleygir fram hjá ykkur, þá mun það vera mögulegt að bæta, ekki aðeins afkomenda ykkar, heldur einnig líf ykkar sjálfra og komandi kynslóða, með því að losa í burtu skaðlega erfða þætti, sem valda stökkbreytingum til skaða og öðru líku.

En læknávisindin eru á þessum þröskuldi hjá ykkur, að framfarir eru örar og merkilegar, en á sama tíma eykst mengun umhverfis ykkar.

Og erlendis eru tilraunir með tækni sem er komin frá öðrum hnöttum, þar sem geimverur sem þið kallið, í þjónustu Jahve, geta flutt með sér sjúkdóma og tengjast sumri nútíma tækni ykkar.

Eru það blendingjar, vil ég ekki fara út í það að sinni, en hefur okkur tekist að lækna stóra hópa á ykkar jörð og tókst okkur að afstýra miklum hörmungum sem hefðu gerst árið 2022 hjá ykkur, þegar til stóð að senda geimför til jarðarinnar og valda harmageddon og stóð Jahve þar á bak við, en var því afstýrt.

Og reynum við að leiða til lykta, láta þá aðila ljúka styrjöldum sem hópust, sem áttu að stuðla að þessum hörmulegu atburðum sem ekki urðu.

Reynum við að hjálpa ykkar fjarstöddu ættingjum og vinum, en vald okkar er takmarkað í því efni og munum taka vel á móti þeim sem ekki tekst að hjálpa.

Langaði mig til að tala um friðaráætlun sem við höfum í gangi, með ýmis austurlönd, höfum við haft samvinnu við þau, en verð ég að láta þetta nægja að sinni, ég kem ævinlega í lok funda og magna ykkur, og er í stórum hópi fornanna sem það gera og megið þið gjarnan hugsa til mín og biðja mig að efla ykkur, og þótt ekki sé unnt að lækna alla, þá hefur það áhrif til góðs, og myndi okkur ganga miklu betur ef þið væruð fjölmennari, hópur Nýalssinna.

Guðmundur góði.

*Takk fyrir Guðmundur, mig grunaði það.*

*Vertu hjartanlega velkominn og þakka þér fyrir allt.*

*Hún hefur svo oft nefnt þig hún Guðrún að þú værir þarna.*

Já, já, verið þið sæl og blessuð og vona að þið njótið orkunnar sem mest.

*Já, vertu blessaður.*

*Eg þakka kærlega fyrir komuna og vertu velkominn aftur.*